

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. október 2013
Tilvísun: UST20130900233/ksj

Kjarnaskógur og Hamrar. Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði, tjaldsvæði og útlífsmiðstöðvæði skáta.

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi útivistarsvæðis, tjaldsvæðis og útlífsmiðstöðvæðis skáta í Kjarnaskógi og Hömrum, Akureyrarbæ. Deiliskipulag fyrir svæðið hefur ekki hlotið samþykki áður.

Fram kemur í inngangi að heildarstærð skipulagssvæðisins er 154,4 ha. Svæðið afmarkast af suðurmörkum Kjarnaskógar, til vesturs af hamrabeltum ofan Kjarna og Hamra, og til norðurs af mörkum Naustaborga og landi Nausta sem er skilgreint sem óbyggt svæði.

Veitur

Á uppdrætti kemur fram að háspennulínur liggja yfir deiliskipulagssvæðið. Í greinargerð kemur fram að stefnt er því að línur sem þar eru nefndar verði ýmist lagðar í jörðu eða þeim fundin önnur lega. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framtíðarsýn hvað varðar háspennulínur sé skýr og þess sé gætt að svæði séu tiltæk fyrir línur í rökréttu framhaldi af spennivirki.

Fráveita

Í umfjöllun í greinargerð um fráveitu á ofangreindu svæði kemur fram að í dag eru á svæðinu sjálfstæðar rotþrær fyrir einstaka byggingar. Einnig kemur fram að stefnt er að því að allar byggingar og mannvirki á deiliskipulagssvæðinu verði tengdar lagna- og fráveitukerfi Akureyrarbæjar þegar íbúabyggð bæjarins færist nær skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að meðan fráveita á svæðinu fer í roþrær, þurfa rotþrær og siturlagnir á svæðinu að uppfylla reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að það komi fram í greinargerð deiliskipulagstillögunnar. Einnig bendir stofnunin á leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

